



MYND2LF05

Kennsluáætlun – Haustönn 2016

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnst nemendur litakerfunum þremur (cmyk, rgb, listmálun) og læra að beita litafræðum myndlistarinnar sem og myndgreiningu og myndbyggingu út frá línunum og grunnformum. Nemendum kynntur munur á raunsæi og abstrakt sem þeir svo vinna með í ýmis konar myndefni.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- litakerfunum þremur.
- litafræði myndlistar og þekkja litahringinn.
- að stefna línu og uppbygging og röðun forma sem og tegund forma skapa ákveðna tilfinningu í myndverkum.
- myndbyggingu út frá línunum og formum.
- muninum á abstrakt og raunsæi.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- blanda 12 litahringinn.
- blanda liti út frá frumlitum s.s. í jarðliti, pastelliti, heita og kalda liti.
- geta unnið ólíkar myndir, bæði abstrakt og raunsætt, út frá fyrirfram gefnum litum og myndbyggingu sem gefa til kynna ákveðin hugtök og kalla fram ákveðnar tilfinningar

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ná fram hvaða lit sem þarf með aðeins frumlitina og svartan og hvítan að vopni.
- geta unnið hvort heldur raunsætt eða abstrakt.
- ná fram ákveðinni tilfinningu í myndverki með því að beita línunum, formum og litum á meðvitaðan hátt.

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.
- Nemendur þurfa sjálfir að leggja til teikniblýanta, strokleður og teiknipenna.
- Nemendur fá í hendur pappír og þekjuliti gegn greiðslu efnisgjalda.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi litaprufur, skapalón og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allar skissur.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni

- | | |
|----------------------|--------------------|
| ● Mappa (10%) | ágúst |
| ● Litafræði (25%) | ágúst-september |
| ● Form (10%) | október |
| ● Myndbygging (25%) | október- nóvember |
| ● Lokaverkefni (30%) | nóvember -desember |

Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

